




Dalabyggð



Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á
sveitastjórnarfundum nr. 256
dags: 8. maí 2025



Íbúafjöldi í Dalabyggð er nú 675 íbúar samkvæmt Íbúasýn mv. 2. maí sl. og hefur okkur fjölgað um 6 íbúa frá því í byrjun apríl.

Árshátíð Auðarskóla fór fram 10. apríl sl. og heppnaðist í alla staði mjög vel og eiga allir sem að komu hrós skilið. Húsfyllir var í Dalabúð og gleðilegt að sjá nemendur blómstra á sviðinu og þeim verkefnum sem um er að ræða við framkvæmd sem þessa.



Framkvæmdir ganga sem fyrr vel við íþróttamannvirkin okkar. Byrjað er að klæða íþróttasal hússins og gleðilegt að sjá þróun mála hvern dag. Hér fyrr á fundinum samþykkti sveitarstjórn frekari lántöku vegna verkefnisins frá Lánasjóði sveitarfélaga. Allt er enn samkvæmt áætlun hvað kostnað varðar og verkið sjálft er um 2 vikum á eftir áætlun en engin ástæða þykir enn til þess að fara að ræða einhverja seinkun á heildarverktíma, lokapunkturinn er sem fyrr áætlaður 4. febrúar 2026 og er markmiðið er og verður að sú dagsetning standist.

Glæsileg Jörvagleði fór fram dagana 24. apríl til og með 27. apríl sl. Fjöldi viðburða var haldinn af ýmsum toga og var eftirtektarvert að sjá hve mikið var lagt í hátíðina og mæting á viðburði góð.

Vil ég þakka öllum þeim sem að komu við undirbúning og framkvæmd og ekki síst menningarmálanefnd Dalabyggðar og verkefnastjóra, svona atburður krefst góðs og vandaðs undirbúnings.



Unnið að nú að því að endurnýja jafnlaunavottun okkar í Dalabyggð. All nokkur tími og vinna fer í verkefnið sem ég vil leifa mér að setja spurningu við hverju skili þegar upp er staðið því sveitarfélög eins og aðrir opinberir aðilar eru bundnir að kjarumhverfi því sem samið er um þannig að ekki á að vera svigrúm til að mismuna starfsmönnum út frá kyni eða öðru þáttum. Ég veit ég tala fyrir munn ýmissa kollega minna þegar ég leifi mér að spyrja um gagn þessa kerfis sem jafnlaunavottun er.



Jafnlauna- VOTTUN

Tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismun.



Vottunaraðili veitir jafnlaunavottun séu skilyrði jafnlaunastaðalsins uppfyllt.

**ÍST
85**

Jafnlauna-
STAÐALL

 Jafnréttisstofa

Nánari upplýsingar
JAFNRETTI.IS

Útboð vegna úrgangsmála er nú í undirbúningi og höfum við átt fundi með aðilum varðandi umsjón þess verkefnis. Núverandi samningur rennur út í árslok 2025 þannig að stefnt er að því að útboð fari í loftið um miðjan júní að óbreyttu.

Vorfundur sveitar- og bæjarstjóra fór fram dagana 29. og 30. apríl sl. og var hann haldinn í uppsveitum Árnassýslu í þetta sinn. Það er alltaf gagnlegt að hitta kollega, bera saman bækur og ekki síst að upplifa hvað er að gerast í samfélögum þeim sem við hittumst í hverju sinni. Það er gríðarleg gróska í uppsveitum Árnassýslu og mikið byggt og því nóg um að vera í stjórnsýslu þeirra fjögurra sveitarfélaga sem um ræðir en gestgjafar okkar voru sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.



Nær hundrað manns tóku þátt í fyrsta samráðsfundi Öruggara Vesturlands þann 6. maí sl. að Hótel Hamri. Samstarfsvettvangurinn um Öruggara Vesturland var settur á stofn á Farsældardeginum fyrir rúmu ári síðan. Að samstarfinu standa rúmlega tuttugu aðilar, þar af öll sveitarfélögin í landshlutanum, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, mennta- og fjölbrautaskólar á Vesturlandi, Vesturlandsprófastsdæmi, Íþróttasamböndin, sýslumaðurinn á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi auk lögreglustjórans á Vesturlandi. Ríkislögreglustjóri styður við verkefnið sem hluti af aðgerðum gegn ofbeldi meðal og gegn börnum. Við vorum þrjú sem sóttum fundinn f.h. Dalabyggðar þ.e.a.s. undirritaður ásamt verkefnastjóra fjölskyldumála og lýðheilsufulltrúi.





Við fengum mjög góða heimsókn leikskólabarna hingað í stjórnsýsluhúsið fyrr í dag þegar þau komu til að heyra hvað við starfsmenn erum að sýsla við dags daglega í okkar störfum.

Fyrr í vikunni mættu þau á slökkvistöðina þar sem þau fengu að heyra í sírenum bílanna og fleira skemmtilegt gert, kannski ögn öðruvísi heimsókn til okkar „pappírspésanna“ þó pappírstætarinn og fangaklefarnir hafi vakið athygli.



Vinnuskóli Dalabyggðar verður starfræktur frá 10. júní og til loka júlí fyrir unglinga fædda 2008 til 2012. Sigríður Jónsdóttir verður umsjónarmaður Vinnuskólans líkt og undanfarin ár og er það fagnaðarefni. Umsóknarfrestur er til og með 15. maí nk. Athugið að ekki er hægt að tryggja að umsóknir sem berast eftir þann tíma verði samþykktar. Það er vonandi að við fáum ágæta skráningu í vinnuskólann okkar þannig að krakkarnir nái að aðstoða okkur af krafti við að snyrta og hreinsa umhverfið okkar.

STURLUHÁTÍÐ 12. JÚLÍ 2025

Hin árlega Sturluhátíð verður haldin á Staðarhóli og félagsheimilinu Tjarnarlundi laugardaginn 12. júlí nk. Hátíðin hefst um kl. 14 á Staðarhóli, jörð Sturlu Þórðarsonar, með því að síðasta söguskiltið verður afhjúpað. Gengið verður um Staðarhólinn ásamt fróðu fólki um söguna, og litast um nágrennið frá sjónarhóli sagnaritarans mikla. Að því búnu verður haldið að félagsheimilinu Tjarnarlundi, sem er í næsta nágrenni og þar hefst hin hefðbundna dagskrá. Nánar má sjá upplýsingar um dagskránnar á www.dalir.is

Sumarhátíð Eiríksstaða verður haldin helgina 12.-13. júlí í sumar, þ.e. sömu helgi og Sturluhátíðin. Það verður fjölmargt í boði en þemað í ár er handrit og handritagerð. Nánar á heimasíðu Eiríksstaða og www.dalir.is



UNDI Í SAURBÆ Í DÖ



Deiliskipulag á Hvammasvæði er nú komið í gegnum allt lögformlegt ferli Skipulagsstofnunar, sjá hér:

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1291>

Um er að ræða deiliskipulag á um 7 ha svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 sem íbúðarbyggð ÍB6.

Frétt þessa efnis mun birtast á allra næstu dögum og á næsta fundi byggðarráðs þurfum við að taka fyrir hvaða lóðir verða auglýstar til úthlutunar eða hvaða form verði notað til að koma framkvæmdum sem fyrst af stað.



Einnig var til afgreiðslu hér fyrr á fundinum deiliskipulag fyrir Búðardal að öðru leiti og er vonandi að það skipulag komist í gegnum lögformlegt ferli sem fyrst þannig að við getum einnig sett þær lóðir sem þar um ræðir í kynningu og einnig er það ánægjulegt að þegar það skipulag fæst staðfest þá er Búðardalur að lang mestu leiti deiliskipulagður sem hefur skort á til þessa.



Verkefnastjórn sveitarfélaganna tveggja, þ.e. Dalabyggðar og Húnaþings vestra, skilaði af sér í vikunni tillögu um næstu skref til sveitarstjórnanna varðandi samtal um mögulega sameiningu í kjölfar íbúafunda sem haldnir voru í apríl sl. Ég vil þakka öllum þeim sem mættu á fundinn hér í Dalabúð fyrir góðar umræður. Það verður spennandi að taka næsta skref í þessu verkefni hvert það svo sem leiðir okkur á næstu misserum.



Sumarið nálgast og þar með þarf m.a. að skipuleggja starfsemi skrifstofu Dalabyggðar m.t.t. orlofsóska starfsmanna. Við horfum til þess að loka skrifstofunni í u.þ.b. tvær vikur eða dagana 23. júlí til 7. ágúst að óbreyttu. Við munum kynna lokun skrifstofunnar vel í aðdraganda hennar en jafnframt vakta pósthólf og þ.h. ef upp kom brýn úrlausnarefni meðan lokun varir.



Annatími er á mörgum búum í Dalabyggð þessa dagana og örugglega margir sem vaka heilu og hálfu næturnar á vaktinni vegna sauðburðar. Einnig er nóg að gera á öðrum vígstöðvum einnig við undirbúning sumarsins og þeirra anna sem því fylgja. Ég vil senda öllum þeim sem í sauðburði standa núna sem og öðrum íbúum Dalabyggðar og velunnurum góðar kveðjur með ósk um að allt gangi eins og best verður á kosið í öllum þeim verkefnum sem um ræðir.



Hér sem fyrr í minnisblöðum sveitarstjóra er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu sveitarstjóra og annarra starfsmanna Dalabyggðar ratar ekki í dagbók undirritaðs eða er þess eðlis að ekki er eðlilegt að nefna í opinberu minnisblaði. Verkefnin eru ýmiskonar en öll hafa þau það að markmiði að gera gott samfélag betra á einn eða annan hátt.

- BBÞ – 08/05/2025